

Reglugerð þessi er hérmeð sett, samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi feld reglugerð frá 13. september 1934, um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934. 122  
12. des.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. desember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd fyrir Neskaupstað. 123  
13. des.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hérmeð staðfest eftirfarandi

### REGLUGERÐ UM BARNAVERND

#### 1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Neskaupstaðar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs, tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða að stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það um hönd.

#### 2. gr.

Bönnuð er ennfremur öll sala á brjóstsykursstöngum, spýtubrjóstsykri, sleikjum svonefndum og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndarinnar geta talizt beinlínis eða óbeinlínis hættulegar börnum og unglingum.

#### 3. gr.

Barnaverndarnefnd skal eiga kröfu til þess, að sjónleikir eða aðrar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs, er ætlað að hafa aðgang að, séu sýndar henni eða fulltrúum hennar, áður en sjónleikurinn eða skemmtanirnar eru sýndar almenningi, og getur þá nefndin bannað, að börn og unglingar innan 16 ára aldurs fái aðgang að þeim, ef henni þykir ástæða til. Ennfremur skal nefndin eiga kröfu til þess að henni séu gefnar nákvæmar upplýsingar fyrirfram um skemmtiatriði á væntanlegum samkomum.

Þeir, sem hafa í hyggju að stofna til þeirra skemmtana, sem hér um ræðir, skulu tilkynna barnaverndarnefnd það með þeim fyrirvara, er hún telur hæfilegan.

**123**

13. des.

Hafi einhverjir, félög eða einstaklingar, í hyggju að efna til sjónleika eða skemmtana þar sem börn innan 16 ára aldurs eiga að vera leikendur eða þátt-takendur, skal þeim, er fyrir skemmtuninni standa, skylt að sýna barnaverndarnefnd hlutverkin og fá samþykki hennar til að börnin megi leika þau.

## 4. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega því aðeins hafa á hendi blaðasölu og bóka, að þau fái til þess leyfi barnaverndarnefndar.

## 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlög-unum. Skal fara með mál vegna þeirra brota á sama hátt og segir um slík mál í barnaverndarlögnum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 13. desember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

**124**

20. des.

**SAMÞYKKT**

fyrir Landþurrkunarfélag Álftnesinga.

## 1. gr.

Félagið heitir „Landþurrkunarfélag Álftnesinga“. Heimili þess og varnarþing er Bessastaðahreppur í Gullbringusýslu.

## 2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Bessastaðahreppi: Landakot, Deildarkot, Deild, Tröð, Eyvindarstaðir, Eyvindarstaðir (gerði), Kirkjubrú, Brekka, Brekkukot, Svalbarði, Sviðholt, Vestur-Sviðholt, Bjarnastaðir (skóla-jörðin), Bjarnastaðir (hreppurinn), Gerðakot, Gestshús, Bakkakot, Hákot, Sveinskot, Litlibær, Þórukot, Halakot og Haukahús, partur í sameign í Vestur-Sviðholti.

## 3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast þurrkun ræktþæfs lands þeirra jarða, sem taldar eru í annari gr., og koma í veg fyrir landspjöll af sjávarágangi á jörðunum.
2. Að útvega nauðsynlega vinnu og styrk til þeirra umbóta.